



Morgunblaðið/Einar Falur

Við upphaf fundarins í gærmorgun, Jóhanna Sigurðardóttir, Friðrik Sophusson, Þorsteinn Pálsson, Þórhildur Þorleifsdóttir, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Jón Baldvin Hannibalsson og Guðrún Agnarsdóttir.

## Stjórnarmyndunarviðræðurnar:

# Rætt um markmið hugsanlegrar ríkisstjórnar

**VIÐRÆÐUM** forystumanna Sjálfstæðisflokksins, Alþýðuflokksins og Kvinnalistas um stjórnarmyndun verður haldið áfram kl. 13:00 í dag. Í gær var rætt um skipulagsatriði viðræðanna, þau markmið sem flokkarnir vilja setja hugsanlegri ríkisstjórn og loks kom forstjóri Þjóðhagsstofnunar á fundinn og

gerði grein fyrir stöðu efnahagsmála.

„Efnisleg umræða er í rauninni ekki hafin,“ sagði Guðrún Agnarsdóttir á fundi með blaðamönnum í gær. Jóhanna Sigurðardóttir taldi þennan fyrsta fund hinna formlegu stjórnarmyndunarviðræðna hafa verið gagnlegan. Ekki hefðu komið fram neinir óleysanlegir hnútar. Þorsteinn Pálsson taldi viðræðurnar einnig hafa verið gagnlegar, en áréttaði að um erfitt verkefni væri að ræða. Fundurinn í gær hófst um hádegisbilið og honum lauk laust fyrir klukkan fimm.

Upplýst var á blaðamannafundinum að óskað hefði verið eftir gögnum frá Þjóðhagsstofnun um ýmis atriði og væri unnið að því að afla þeirra.

Viðræðufundinn í gær sátu af hálfu Sjálfstæðisflokksins Þorsteinn Pálsson, Friðrik Sophusson og Ólafur G. Einarsson; af hálfu Alþýðuflokksins Jón Baldvin Hannibalsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Sigurðsson og Kjartan Jóhannsson og af hálfu Kvinnalistas Guðrún Agnarsdóttir, Danfríður Skarphéðinsdóttir og Þórhildur Þorleifsdóttir.